Sþ. **367. Þingsályktun** [13. mál]

um byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu.

(Afgreidd frá Sþ. 28. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir, að á árinu 1980 verði gerð byggðaþróunaráætlun fyrir Borgarfjarðarhrepp í Norður-Múlasýslu á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins í samvinnu við heimamenn.

Áætlunin verði höfð til hliðsjónar við fjárveitingar og aðgerðir af opinberri hálfu í þágu byggðarlagsins.